

**AUGLÝSING****um breytingu á hreppamörkum milli Borgarhrepps og Borgarneshrepps í Mýrasýslu.**

Með vísun til 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 29. mars 1961, staðfestist hér með breyting á hreppamörkum milli Borgarhrepps og Borgarneshrepps í Mýrasýslu þannig, að sá hluti úr landi prestsetursjarðarinnar Borgar í Borgarhreppi, sem er sunnan Þjóðveggarins vestur á Snæfellsnes (Ólafsvíkurbjóðveggar), sem Borgarneshreppur hefur keypt af ríkissjóði samkvæmt heimild í lögum nr. 33 24. apríl 1973, skal framvegis tilheyra Borgarneshreppi, og breytast því hreppamörk téðra hreppa í samræmi við það.

Framangreind breyting á hreppamörkum milli Borgarhrepps og Borgarneshrepps hefur verið samþykkt af hreppsnefndum beggja hreppanna og hlotið meðmæli sýslunefndar Mýrasýslu.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. ágúst 1977.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**AUGLÝSING****um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Akraneskaupstaðar nr. 59 14. apríl 1964.****1. gr.**

7. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði 2. og 4. þriðjudag hvers mánaðar og skal fundur hefjast kl. 16 nema bæjarráð ákveði annað.

Heimilt er bæjarstjórn að fengnu samþykki bæjarráðs að fella niður fundi í júlí eða ágúst.

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun bæjarstjóra eða ef þrír bæjarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

**2. gr.**

8. gr. 3. mgr. orðist svo:

Sá sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar eða flytja tillögu skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en kl. 11.00 á föstudegi næstan fyrir fund.

Breyting þessi sem bæjarstjórn Akraness hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. ágúst 1977.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*